

AUGLÝSING

um umferð á Hellu.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu hreppsnefndar Rangárvallahrepps, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Hellu.

I. Um tengingu götu á nýjum stað.

Heimilt er að tengja austasta hluta Dynskála, um lóðirnar nr. 24 og 26, inn á Langasand, skammt norðan þjóðveg nr. 1, samanber staðfest deiliskipulag.

II. Biðskylda.

Á eftirtöldum götum skal vera biðskylda:

1. Á Dynskálum þ.e. ofangreindri tengingu, gagnvart Langasandi, svo og þar sem gatan kemur norðar inn á Langasand.
2. Á Eyjasandi gagnvart Langasandi.

III. Umferðarmerki.

Við götur og vegi og á þeim skulu vera umferðarmerki, sem gefa glögglega til kynna þær sérreglur um umferð, sem auglýsing þessi tekur til. Ökumönnum og öðrum vegfarendum ber að fara nákvæmlega eftir þessum merkingum og öðrum þeim leiðbeiningum, sem ástæða þykir til að hafa.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Hellu, sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Lögreglustjórinn í Rangárvallasýslu, 19. júlí 1994.

Friðjón Guðröðarson.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Hafnarfjarðar hefur verið ákveðið:

að einstefna verði á Öldugötu til norðvesturs frá Hringbraut að húsi nr. 2 við Öldugötu. Ákvörðun þessi tekur gildi 15. ágúst 1994.

Lögreglustjórinn í Hafnarfirði, 21. júlí 1994.

Guðmundur Sophusson.